

Staðgöngumæður: Frjálsar og fórnfúsar konur

Jónína Einarsdóttir, prófessor í mannfræði við Félags- og mannvísinda-deild Háskóla Íslands og **Helga Finnsdóttir**, MA mannfræði, sérfræðingur í mannauðs- og launamálum hjá Samgöngustofu

Útdráttur

Markmið þessarar greinar er að lýsa niðurstöðum rannsókna á staðgöngumæðrum og hugmyndum íslenskra fjölmiðla og áhugafólks um staðgöngumæðrun um konur sem taka að sér að ganga með barn fyrir aðra. Gagnaöflun fór fram með þátttökunálgun á opnum málstofum og fundum um staðgöngumæðrun, viðtölum við einstaklinga sem hafa látið sig málið varða og greiningu á opinberri umræðu. Viðmælendur og þátttakendur á málstofum skiptu sér flestir í fylkingar með eða á móti tillögu til þingsályktunar um staðgöngumæðrun á Alþingi. Stuðningsmenn telja allflestir að konur séu sjálfar best til þess hæfar að taka ákvörðun um að gerast staðgöngumæður, en þó eingöngu í velgjörðarskyni. Þeir lofa hinar fórnfúsu konur sem gefa barnlausum einstaklingum hina einu sönnu gjöf, barn. Stuðningsmenn vitna gjarnan til rannsókna sem sýna að staðgöngumæðrun sé að mestu vel heppnuð á Vesturlöndum og telja að lögleiðing hennar geti komið í veg fyrir arðrán staðgöngumæðra í lágtekjulöndum. Andstæðingar telja engan hafa rétt á að nýta sér líkama annarra, hvorki með greiðslum né félagslegum þrýstingi. Mögulega geri lögleiðing staðgöngumæðrunar hana sjálfsagða í hugum fólks og skapi þrýsting á konur um að ganga með barn fyrir aðra. Þá taka sumir ekki afstöðu til málsins og telja að þörf sé á meiri umræðu og auknum rannsóknum. Fræðimenn kvarta gjarnan undan skorti á langtímarannsóknum á velferð og heilsu staðgöngumæðra og rannsóknum af upplifun þeirra og aðstæðum, og að rannsóknir sem til séu byggji flestallar á litlu úrtaki. Eins eru vísbendingar um aukna ásókn í þjónustu indverskra staðgöngumæðra frá löndum sem hafa lögleitt staðgöngumæðrun.

Efnisorð: Staðgöngumæðrun; lagasetning; val; velgjörð; meðganga.



Icelandic Review of Politics and Administration Vol. 9, Issue 2 (279-300)

© 2013 Contact: Jónína Einarsdóttir, je@hi.is

Article first published online Desember 19th 2013 on <http://www.irpa.is>

Publisher: Institute of Public Administration and Politics, Gimli, Sæmundargötu 1, 101 Reykjavík, Iceland

Stjórn mála & stjórnsýsla 2. tbl., 9. árg. 2013 (279-300) (Fræðigreinar)

© 2013 Tengiliður: Jónína Einarsdóttir, je@hi.is

Vefbirting 19. desember 2013 – Birtist á vefnum <http://www.irpa.is>

Útgefandi: Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála, Gimli, Sæmundargötu 1, 101 Reykjavík

DOI: <http://dx.doi.org/10.13177/irpa.a.2013.9.2.2>

This work is licensed under a Creative Commons Attribution 3.0 License.

The surrogate mothers: free and altruistic women

Abstract

The aim of this article is to describe the results of research on surrogate mothers and how they are presented in Icelandic mass media and by individuals who are concerned with surrogacy. Data was collected with participation observation, interviews and analyses of public discussions. Most of the interviewees and participants in meetings and seminars on surrogacy took stance either for or against a parliamentary proposition to legalize surrogacy in Iceland. Supporters argued that women should be free to decide whether they want to become surrogate mothers, however without being paid. They praised altruistic women who give infertile couples the true gift, a child, and argued that according to research, surrogacy was successfully implemented in the Western world. They maintained that legalization would impede exploitation of women in low-income countries. Opponents of legalization argued that nobody should have the right to use other's body for own gain, with or without payment. They feared that legalization would normalize surrogacy and force women to become surrogate mothers. Still, some did not take a stance but argued that surrogacy needed to be carefully discussed prior to legislation, and they called for additional research. Researchers complain about lack of long-term research on the consequences of surrogacy on women, their experiences of surrogacy, conditions and wellbeing and that most available research is based on small sample sizes. Still, there is evidence that demand for the services of Indian surrogate mothers has increased from countries that have legalized surrogacy.

Keywords: Surrogacy; legalisation; choice; altruism; pregnancy.

Inngangur

Fyrsta fréttin af staðgöngumæðrun í íslenskum fréttamiðli sem höfundar fundu birtist haustið 1984 en þá segir Dagblaðið Vísir frá ungrri giftri eins barns móður í Frakklandi sem gengur með barn fyrir aðra (Dagblaðið Vísir 1984). Konan sem nefnd er „staðgöngilsmóðir“ hafði af mannúðarástæðum „lánað leg sitt“ til að bera barn fyrir ófrjó hjón. Unga konan telur barnið ekki vera sitt þó hún hafi lagt til eggjð en sæðið kom frá verðandi föður. Samkvæmt samningi skyldi hún ekki gera tilkall til barnsins eftir fæðinguna og fær hún greidda um 50.000 franska franka fyrir barnsburðinn. Í byrjun árs 1985 birtist í sama blaði frétt frá fréttaritara blaðsins í Kaupmannahöfn þar sem fram kemur að „[e]ins og annars staðar hefur móðurlífsleiga frú Cotton í Englandi vakið mikla athygli í Danmörku“ (Örn Jónsson 1985). Í greininni er fjallað um siðferðileg álitamál um staðgöngumæðrun, svo sem tengslamyndum staðgöngumóður við barnið og hættuna á að fátækar stúlkur gangi með börn fyrir aðra. Báðar þessar fréttir hafa titilinn „Móðurlíf til leigu“ og þó þær séu stuttar fjalla þær um álitamál sem enn er deilt um.

Hugtakið staðgöngumæðrun byggir á því að kona, hér nefnd staðgöngumóðir, gangi með barn fyrir aðra í samræmi við ákvörðun sem tekin er áður en barnið er getið (Brazier, Campbell og Golombok 1998; Guðríður Þorsteinsdóttir, Kristján Odds-

son og Ástríður Stefánsdóttir 2010; Ragoné 1996; Teman 2010). Verðandi foreldrar barnsins eru oftast þör, óháð kynhneigð, sem eiga við ófrjósemi að stríða. Hefðbundin staðgöngumæðrun felur í sér að egg staðgöngumóður er notað og frjógvað með sæði frá verðandi föður eða með gjafasæði. Full staðgöngumæðrun á sér hins vegar stað þegar egg verðandi móður eða gjafaegg eru notuð og sæðið er frá verðandi föður eða gjafasæði. Með fullri staðgöngumæðrun geta því verðandi faðir og móðir notað eigin kynfrumur og samkynhneigð þör geta notað eigin kynfrumu auk gjafakynfrumu. Óháð því hvort staðgöngumæðrun er hefðbundin eða full er gerður greinarmunur á staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni og staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni. Kona sem gengur með barn til að hjálpa öðrum að verða foreldri er staðgöngumóðir í velgjörðarskyni og þiggur hún ekki laun fyrir, en fær stundum greitt fyrir vinnutap og annan kostnað. Kona sem gerist staðgöngumóðir greiðslunnar vegna telst vera staðgöngumóðir í hagnaðarskyni.

Staðgöngumæðrun er umdeild og gilda um hana mismunandi lög eftir löndum (Brunet o. fl. 2013; Guðríður Þorsteinsdóttir, Kristján Oddsson og Ástríður Stefánsdóttir 2010; Helga Finnsdóttir 2013). Lög um tæknifrjógungun nr. 55/1996 skilgreina staðgöngumæðrun sem „tæknifrjógungun framkvæmd á konu sem hyggst ganga með barn fyrir aðra konu og hefur fallist á það fyrir meðgönguna að láta barnið af hendi strax eftir fæðingu“ (Alþingi 1996). Í 5. grein laganna kemur fram að staðgöngumæðrun sé ekki leyfð á Íslandi og í 17. greininni segir að „brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að þremur mánuðum.“

Árið 2008 lagði Ragnheiður Elín Árnadóttir fram formlega fyrirspurn á Alþingi um staðgöngumæðrun á Íslandi til þáverandi heilbrigðisráðherra og í kjölfarið var stofnaður vinnuhópur á vegum heilbrigðisráðuneytisins sem skilaði af sér svokallaðri Áfangaskýrslu (Guðríður Þorsteinsdóttir, Kristján Oddsson og Ástríður Stefánsdóttir 2010). Í skýrslunni er lagt til að staðgöngumæðrun verði ekki heimiluð að svo stöddu. Mikilvægt sé að staðgöngumæðrun verði tekin til rækilegrar umfjöllunar í samfélaginu og varpað er fram fjölda spurninga sem þurfi að svara. Þá er lögð áhersla á mikilvægi þess að íslensk löggjöf samræmist löggjöf þeirra ríkja sem við höfum mest samskipti við.

Á 139. lögjafarþingi Alþingis var lögð fram þingsályktunartillaga þar sem lagt er til að staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni verði heimiluð (Alþingistíðindi 2010-2011). Flestir umsagnaraðilar voru efins eða andvígir tillögunni og tók hún nokkrum breytingum í meðferð þingsins. Til dæmis voru réttindi staðgöngumóður til að ráða yfir eigin líkama ítrekuð og fellt var niður ákvæði um að staðgöngumóðir og verðandi foreldrar myndu gera bindandi samning sín á milli (Alþingistíðindi 2011-2012). Endurskoðuð tillaga var samþykkt við lok þings 2012 og í janúar 2013 stofnaði þáverandi velferðarráðherra vinnuhóp sem skyldi vinna að gerð lagafrumvarps. Niðurstöðu hópsins er enn beðið.

Ætlað er að um 5 milljónir barna hafi fæðst í heiminn fyrir tilstilli tæknifrjógungunar (Gunnarsson Payne 2013), en erfitt er að fá nákvæmar upplýsingar um heildarfjölda barna sem fæðst hafa fyrir tilstilli staðgöngumæðrunar, jafnvel í löndum þar sem um hana gilda strangar reglur (Nelson 2013). Þó að staðgöngumæðrun sé ólögleg eru börn hér á landi sem hafa fæðst fyrir tilstuðlan staðgöngumæðrunar (Helga Finnsdóttir 2013).

Foreldrar þessara barna hafa ýmist farið erlendis í leit að staðgöngumóður eða fengið aðstoð slíkrar hérlendis. Engin opinber skrá er til yfir fjölda barna sem hafa fæðst á þennan hátt á Íslandi né heldur hversu margar íslenskar konur hafi gerst staðgöngumæður, hér á landi eða erlendis.

Í þessari grein er leitast við að greina umræðuna á Íslandi um staðgöngumæðrun með áherslu á staðgöngumóðurina og meðal einstaklinga sem hafa látið sig málefnið sérstaklega varða. Greinin byggir að hluta til á gögnum sem aflað var fyrir meistararitgerð Helgu Finnsdóttur (2013). Hér á eftir munum við fjalla um mismunandi sjónarmið um það hvort staðgöngumæðrun sé ásætlanleg með áhrif hennar á staðgöngumæður og líf þeirra í huga. Sagt verður frá niðurstöðum rannsókna á staðgöngumæðrum og upplifun þeirra af staðgönguferlinu. Þá er gerð grein fyrir aðferðafræði rannsóknarinnar og niðurstöður hennar kynntar og ræddar.

1. Rannsóknir: reynsla staðgöngumæðra

Fyrsta barnið sem borið var af staðgöngumóður fyrir tilstilli tæknifrjóvgunar þar sem hennar eigið egg var ekki notað fæddist árið 1985 (Utian, Sheean, Goldfarb og Kiwi 1985). Síðan hafa femínistar ítrekað að æxlunartækni, þar á meðal staðgöngumæðrun, sé í reynd ein af birtingarmyndum kúgunar kvenna (Corea 1985; Klein 1985; McElroy 2002; Wikler 1986). Femínistar óttuðust að konur yrðu metnar út frá notagildi líkama þeirra. Corea (1985) sá fyrir sér að með aðstoð tæknivæðingar æxlunar myndu ríkir þegnar Vesturlanda greiða fátækum konum lágtekjulanda fyrir að ganga með börn sín. Hún bar saman konur sem selja leggöngin við „vændiskonur æxlunar“ sem seldu aðgang að legi sínu (43). Corea vitnaði til kvenna sem bera börn fyrir aðra sem kynbótakvenna, málaliðamæðra eða hýsilmæðra.

Femínistar eru ekki einhliða sammála um skilning sinn á hættunni af tæknifrjóvgun. Gupta (2006) telur að tæknin hafi haft í för með sér aukið frelsi kvenna, til dæmis til að stjórna barneignum, en það sé umdeilanlegt hvort „konur kjósi af frjálsum vilja að gerast staðgöngumæður eða hvort vilji þeirra sé mótaður af félagslegum og efnahagslegum þáttum“ (32). Gupta telur að til séu konur sem hafi glatað stjórn á eigin líkama vegna tækninnar en aðrar hafi náð að nýta hana sér til hagsbótar. Þannig sé til fjöldi kvenna „sem aldar voru upp til þóknast öðrum, en telja sig hafa réttinn til að nota líkama sinn að eigin skapi“ (33). Hún nefnir sem dæmi femínistann Momberger (2002) en hún seldi egg sín til að fjármagna laganám.

Samkvæmt borgaralegum femínistum eru þeir einstaklingar sem koma að staðgöngumæðrun best til þess fallnir sjálfir að meta hvað þeim sé fyrir bestu og því sé rétt að lögilda staðgöngumæðrun (Markens 2012). Án þess að horfa fram hjá vandamálum sem séu til staðar, sjá sumir staðgöngumæðrun sem tækifæri fyrir fátækar konur til að afla sér og sínum viðurværis og styrkja valdastöðu sína. Sumir telja að staðgöngumæðrun í Indlandi sé öllun til hagsbóta. Verðandi foreldrar greiði lægra verð fyrir þjónustuna en þeir myndu gera í heimalandi sínu og staðgöngumæðurnar fái ofurlaun miðað við kaup og kjör þar í landi. Þessu til stuðnings eru nefnd dæmi um að indverskar staðgöngumæður

fái allt að fimmtán árslaun fyrir meðgönguna (Palattiyil, Blyth, Sidhva og Balakrishnan 2010; Parks 2010).

1.1 Reynsla kvenna af staðgöngumæðrun

Ragoné (1994, 1996) og Teman (2008, 2010) benda á að ástæður kvenna fyrir að gerast staðgöngumæður séu kannski það sem mest hafi verið rannsakað. Algengast er að þær gerist staðgöngumæður til að hjálpa öðrum að eignast barn, vegna fjárhagslegs ávinnings eða vegna þess að þær hafi löngun til að verða þungaðar. Þá séu til konur sem gerast staðgöngumæður í von um að lækna eigin sár eða til að fá að upplifa meðgöngu aftur en án þess að þurfa að ala upp barn (Jadva, Murray, Lycett, MacCallum og Golombok, 2003; Ragoné, 1996; Teman, 2010). Tilhneiging sé til þess að draga upp mynd af þeim sem hetjum og í reynd frábrugðnar öðrum konum, en það er þó stundum litið á þær sem hálfgerða kjána í leit að athygli og lífsfyllingu (Ragoné 1996). Ragoné (1994, 1996) og Jadva og félagar (2003) benda á að konur sem gerist staðgöngumæður falli vel að staðalmyndum um fórnfúsar gefandi mæður sem láti þarfir annarra ganga fyrir eigin þörfum.

Teman (2010) rannsakaði staðgöngumæðrun í Ísrael en þar er full staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni leyfð frá árinu 1996. Um þriðjungur þátttakenda í rannsókn hennar kom úr millistétt og helmingur úr lágstétt og fjórðungur kvennanna reyndist vera mjög fátækur. Þrátt fyrir að efnahagur sumra þátttakenda væri bágborinn lögðu þær áherslu á að þær vildu hjálpa öðrum. Teman lýsir hvernig upplifun af samkennd eða systralagi skapaðist milli verðandi móður og staðgöngumóðurinnar, sem útilokaði samtímis tilfinningar til fóstursins. Staðgöngumóðirin ímyndaði sér að kviður hennar væri aðskilin líkamanum og dró það úr upplifun af líkamlegum einkennum þungunar. Verðandi móðir upplifði hins vegar að hún væri þunguð og að staðgöngumóðurin væri nokkurs konar framlenging hennar. Eins beindi lækniurinn orðum sínum frekar að verðandi móður en staðgöngumóður þegar þær fóru saman í mæðraskoðun. Teman telur að þessi nálgun hafi auðveldað staðgöngumóður aðskilnaðinn við barnið. Erfiðasti missir hennar varð þegar tengslin við verðandi móður rofnuðu þegar hún vildi ekki lengur að staðgöngumóðirin yrði áfram hluti af lífi barnsins og fjölskyldunnar. Staðgöngumæðurnar tóku það nærri sér þegar löngun þeirra til að hjálpa öðrum var dregin í efa en Teman telur að ísraelska samfélagið hafi átt erfitt með að samþykkja að til væru konur sem gengju með barn fyrir aðra af velvilja einum saman.

Ragoné (1994) gerði rannsókn á bandarískum konum sem stunduðu staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni hjá sex mismunandi stofnunum sem önnuðust framkvæmdina. Samkvæmt Ragoné töluðu staðgöngumæðurnar um ákvörðun sína eins og eftir handriti þegar þær lögðu ofuráherslu á vilja sinn til að hjálpa barnlausum þörum með því að gefa þeim hina einu sönnu gjöf. Henni kom á óvart hvað stada staðgöngumæðranna var veik gagnvart verðandi foreldrum og starfsmönnum stofnananna. Þær voru yngri, með minni menntun og lægri laun en verðandi foreldrar, sem oftast voru búnir að koma sér vel fyrir og höfðu náð ákveðnum frama í atvinnulífinu. Staðgöngumæðurnar tilheyrðu flestar verkamannastétt eða lægri millistétt og urðu þungaðar ýmist með eigin eggi eða

gjafaeggi. Í samræmi við ráðleggingar fagaðila stofnunarinnar sem annaðist staðgöngumæðrunina leyfðu staðgöngumæðurnar sér ekki að mynda tengsl við barnið, en töldu verðandi foreldra, sem jafnvel dekrudu við þær, verða sanna vini. Eftir fæðinguna áttu þær stundum erfiðara með að slíta tengslin við verðandi foreldra heldur en að gefa barnið frá sér. Þegar stuðningskerfi stofnananna var ekki nógu virkt reyndist stundum erfitt að viðhalda fjarlægð milli staðgöngumóður og barnsins með þeim afleiðingum að aðskilnaðurinn varð erfiður. Rannsókn Berend (2010, 257) á spjallþræði bandarískra staðgöngumæðra sýnir að þær hvöttu hvor aðra og sköpuðu sér sameiginlega sýn á staðgöngumæðrunina og reynsluna af henni. Þær tóku mjög nærri sér þegar þær urðu fyrir fósturláti eða andvana fæðingu, en þó fyrst og fremst vegna verðandi foreldra. Við slíka atburði fengu þær samviskubit og fannst að þær hefðu brugðist verðandi foreldrum.

Í Bretlandi er staðgöngumæðrun lögleg en þar hefur myndast hefð fyrir greiðslum upp að tilteknu hámarki sem þó er hærri en útlagður kostnaður (Brazier o. fl. 1998). Staðgöngumóðirin er ávallt skráð sem móðir barnsins og hún hefur því fullan rétt á að halda barninu eftir fæðingu óski hún þess (van den Akker 2007). Rannsóknir á staðgöngumæðrun þar sýna að margar staðgöngumæður ætlist til þess að verðandi foreldrar geri grein fyrir tilurð barnsins á sama hátt og þær sjálfar geri gagnvart fjölskyldu og ekki síst eigin börnum. Staðgöngumæðurnar vilja gjarnan viðhalda samskiptum við verðandi foreldra eftir fæðinguna og að börn þeirra fái að sjá litla barnið sem móðir þeirra bar. Því miður var það ekki alltaf raunin og litu staðgöngumæðurnar á það sem svik þegar foreldrar hurfu snögglega úr lífi þeirra eftir að þau fengu lagaleg yfirráð yfir barninu. Samkvæmt rannsóknnum er verulegur munur á efnahags- og félagslegri stöðu breskra staðgöngumæðra og verðandi foreldra en „ekki eru tiltekin nein neikvæð áhrif af félags- og efnahagslegum ójöfnuði“ (van den Akker 2007, 57). Verðandi mæður voru eldri með lengri sögu af samskiptum við kvensjúkdóma- og fæðingarlækna og voru betur menntaðar en staðgöngumæðurnar.

Í Bretlandi og Bandaríkjunum eru það sjaldan allra fátækustu konurnar sem gerast staðgöngumæður þar sem stofnanir sem annast framkvæmdina leitast við að ráða konur sem uppfylla tiltekin skilyrði til að ganga með börnin (Busby og Vun 2010; Ciccarelli og Beckman 2005). Eins eru konur sem tilheyra minnihlutahópum ekki sérlega áberandi meðal staðgöngumæðra. Þá sýna rannsóknir á persónuleika staðgöngumæðra að þær hafi ekki sjúklegri einkenni en gengur og gerist; þær séu að jafnaði félagslyndar, sjálfstæðar, lausar við áhyggjur og geti verið bæði tilfinninganæmar og harðar af sér (van den Akker 2007; Busby og Vun 2010; Teman 2010; Brunet o. fl. 2013). Busby og Vun (2010) fundu aðeins um tíu tilvik af um 30.000 skráðum fæðingum fyrir tilstuðlan staðgöngumæðrunar í Bandaríkjunum sem fóru fyrir dómstóla. Slík mál virðast því sjaldgæf en fréttir af staðgöngumæðrum sem neita að láta frá sér barnið vekja þó ávallt mikla athygli fjölmiðla (Teman 2008).

Busby og Vun (2010) telja að vegna aukinnar hættu á arðráni staðgöngumæðra á alþjóðlegum vettvangi, og þá sérstaklega í Indlandi, beri að leyfa staðgöngumæðrun í Kanada, landi sem sé um margt líkt Bretlandi og Bandaríkjunum. Niðurstöður rannsókna á staðgöngumæðrum í þessum löndum styðji ekki hugmyndir femínista um að

„fyrirkomulagið arðræni staðgöngumæður, að þær séu ófærar um að taka ábyrga ákvörðun um þátttöku, eða að staðgöngumæðrun markaðsvæði konur og börn“ (80). Flestar staðgöngumæður gerist slíkar af frjálsum vilja vegna hjálpsemi og séu þær sáttar við fyrirkomulagið, en „auðvitað má finna konur sem eru óánægðar með ferlið og það eru aðstæður þar sem illa er farið með konur af stofnunum sem annast fyrirgreiðsluna og verðandi foreldrum“ (Busby og Vun 2010, 80-81). Rannsóknir sýna að samskipti staðgöngumóður og verðandi foreldra eru oft góð en ágreiningur um hegðun staðgöngumóðurinnar, mataræði hennar og annað meðan á meðgöngunni stendur eru ekki óþekkt (Jadva o. fl. 2003).

Svo virðist sem að lögleiðing staðgöngumæðrunar í einstaka löndum hafi ekki dregið úr aðsókn í þjónustu staðgöngumæðra erlendis. Bretland tilheyrir hópi landa sem leyfa staðgöngumæðrun en engu að síður hefur Bretum sem fara til Inndlands í leit að slíkri þjónustu fjölgað verulega (Bhatia 2012; Crawshaw, Blyth og van den Akker 2012). Ástralía lögleiddi staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni árið 2010 en þrátt fyrir það hefur þeim sem keypt hafa þjónustu indverskra staðgöngumæðra fjölgað síðan lögin tóku gildi (Whitelaw 2012). Ástæður þess að einstaklingar og pör frá ríkjum þar sem staðgöngumæðrun er leyfð leita slíkrar þjónustu erlendis eru meðal annars að ekki fæst staðgöngumóðir í heimalandinu, viðkomandi er undanskilin þjónustu til dæmis vegna aldurs eða hjúskaparstöðu, þjónustan er betri og hraðvirkari erlendis, kostnaður er lægri og auðveldara er að tryggja nafnleynd (Palattiyil o. fl. 2010). Þegar staðgöngumæðrunar er leitað erlendis verður það gjarnan indversk kona sem fær það hlutverk að ganga með barnið.

1.2 Indverskar staðgöngumæður

Indverskar staðgöngumæður eru gjarnan notaðar sem dæmi um hvernig fátækar konur lágtekjulanda eru misnotaðar í þágu hinna efnameiri. Samkvæmt rannsókn Markens (2012) á umfjöllun bandarískra fjölmiðla eru indverskar staðgöngumæður í hugum flestra hjálparþurfi, óháð afstöðu þeirra til staðgöngumæðrunar. Þeir sem hafa neikvæða afstöðu til staðgöngumæðrunar vilja koma í veg fyrir að vestræn pör og einstaklingar geti nýtt sér neyð þeirra, ýmist með lagasetningu um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni í eigin landi eða alfarið með banni á staðgöngumæðrun.

Pande (2009a, 2009b, 2010, 2011) hefur rannsakað staðgöngumæðrun í Inndlandi með áherslu á markaðshlið staðgöngumæðrunar, líðan staðgöngumæðra og tengsla hennar við heilbrigðisferðamennsku. Indverskar konur sem taka að sér að vera staðgöngumæður gera það til að bæta líf sitt og fjölskyldu sinnar fjárhagslega. Þær leggja þó einnig áherslu á að þær vilji hjálpa barnlausum pörum að mynda fjölskyldu. Staðgöngumæðurnar viðurkenna að þær hafi tengst barninu á meðgöngunni og að þeim hafi fundist sárt að láta það frá sér. Þó eggjið væri ekki þeirra leggja þær áherslu á framlag sitt til sköpunar barnsins þar sem að þær hafi lagt til blóð og svita við barnsburðinn (Pande 2009a, 392). Indverskar konur ganga gegn viðteknum siðfræðilegum og menningarlegum viðhorfum sem ríkja í indversku samfélagi þegar þær gerast staðgöngumæður. Þær segja því ógjarnan fjölskyldu sinni frá því að þær hafi gerst staðgöngumæður, ýmist vegna þess

að þær skammast sín fyrir það eða eru ekki sammála fjölskyldunni um hvað sé rétt. Í slíkum tilfellum verður fæðingarstofnunin afdrep þar sem konurnar deila óttanum við að verða dæmdar af samfélaginu sem tækifærissinnar sem selji barn sitt fyrir peninga. Samkvæmt Pande (2010, 970) fer fram endursköpun „hinnar fullkomnu staðgöngumóður á þessum stofnunum en það sé þó ekki létt þar sem ímynd hinar góðu indversku móður samræmist illa hlutverki hinar góðu verkakonu sem vinni samkvæmt samningi við að bera börn fyrir aðra.“

Palattiyil og félagar (2010) kalla eftir betri löggjöf á Indlandi en þar látast þúsundir kvenna á hverju ári vegna barneigna. Mikilvægt sé að skýrt sé hver beri ábyrgð ef staðgöngumóðir veikist eða látist á meðgöngu eða við fæðingu. Höfundar vekja athygli á því að staðgöngumæðrun í Indlandi sé oft óskammfeilin misnotkun á berskjölduðum konum sem þiggi mun lægri greiðslur en stöllum þeirra á Vesturlöndum fyrir barnsburðinn. Nýleg lagasetning um staðgöngumæðrun í Indlandi virðist ekki vera til þess fallin að stemma stigu við þeim siðferðilega vanda sem einkennir framkvæmd hennar (Unnithan 2013).

2. Aðferðafræði

Markmið þeirrar rannsóknar sem hér er kynnt er að skoða umræður um staðgöngumæðrun hér á landi með áherslu á staðgöngumóðurina eins og hún birtist í almennri umfjöllun fjölmiðla og í hugum fólks sem hefur myndað sér skoðun um hana. Gagna var aflað með viðtölum við einstaklinga sem hafa látið sig málið varða, oftast á opinberum vettvangi. Þeim var boðin þátttaka með bréfi og fylgdi með upplýsingablað um rannsóknina. Samtals voru tekin 14 viðtöl á tímabilinu nóvember 2011 til maí 2012, þar af 11 viðtöl við konur og þrjú við karla. Viðtölin, sem voru frá 30 mínútum til rúmlega 2 klukkustunda að lengd, voru tekin upp og þeim eytt eftir afritun. Nafnleynd er ávallt viðhöfð við kynningu á niðurstöðum viðtala og vitnað er til þátttakenda sem viðmælendur. Auk viðtala var þátttökuathugun beitt á málþingum og fundum þar sem staðgöngumæðrun var til umræðu. Einnig var stuðst við önnur gögn um viðfangsefnið, svo sem umræður á Alþingi, greinar í blöðum og tímaritum, auk fréttaflutnings og umræðu í netmiðlum. Áður en öflun gagna hófst var staðfest að ekki þyrfti leyfi Vísindasiðanefndar fyrir henni.

Greining gagna er undir áhrifum frá Crang og Cook (2007) sem leggja áherslu á að það fari saman skipuleg greining afritaðs texta og innsæi. Crang og Cook mæla með þemagreiningu í anda grundaðarar kenningar en í henni felst að textinn er marglesinn og dregin eru fram þemu hans og viðeigandi texti. Þá eru þemum raðað upp, þau flokkuð og endurflokkuð. Við greiningu viðtala og annarra ritaðra gagna rannsóknarinnar var einnig leitast við að greina mótsagnir og átakapunkta (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson 2006) og skoða „hvernig einstaklingurinn mótast af þeirri orðræðu sem hann kynnist og reynir jafnframt að hafa áhrif á“ (Kristín Björnsdóttir 2003, 242).

3. Niðurstöður

Mikil umræða var í gangi í íslensku samfélagi um staðgöngumæðrun þegar gagna var aflað en á þeim tíma lá fyrir Alþingi tillaga til þingsályktunar um staðgöngumæðrun (Al-

Þingistíðindi 2010-2011). Viðmælendur og aðrir sem tjáðu sig um málið skiptust gjarnan í tvær fylkingar, þá sem voru fylgjandi tillögunni og þeir sem voru á móti henni. Hin opinbera umræða einkenndist einnig af átökum um hvort lögleiða skyldi staðgöngumæðrun á Íslandi.

3.1 Furðufréttir, fátækt og fórnfýsi

Síðastliðin ár hafa íslenskir fjölmiðlar fjallað nokkuð um staðgöngumæður. Barnlausir einstaklingar eru gjarnan í forgrunni og aðstæður þeirra eru kynntar á samúðarfullan hátt. Umfjöllunin einkennist af reynslusögum þeirra sem hafa leitað aðstoðar staðgöngumæðra erlendis eða vonast til þess að staðgöngumæðrun verði heimiluð hér á landi, sem og þeirra sem hyggjast leika á kerfið (ruv 2007a; ruv 2007b; dv.is 2010). Einnig má finna fréttir þar sem staðgöngumæður eru viðfangsefnið. Sagt er ýmist frá staðgöngumæðrum sem eru varhugaverðar, eða að þær eru tilneyddar vegna fátæktar að taka að sér barnsburð fyrir hina ríku. Þá eru einnig sagðar hetjusögur af hinni fórnfúsu konu sem gengur með barn fyrir aðra.

Fréttir af staðgöngumæðrum sem eru varhugaverðar eru erlendar og gjarnan á formi dæmigerðra furðufrétta. Vorið 2011 birtist ein slík á dv.is með fyrirsögninni „Hún tók barnið okkar og nú tekur hún peningana okkar“ (Einar Þór Sigurdsson 2011). Það sama á við um frétt á Pressan.is með heitinu „Staðgöngumóðir: Hefur eignast 12 börn fyrir önnur pör og næsta á að borga fyrir nýjar tennur“ (Pressan.is 2010). Sagt er frá breskri staðgöngumóður sem er að ná sér eftir að hafa gengið með þrjú börn, en þar sem tennur hennar hafa látið á sjá eftir 12 meðgöngur ætlar hún að ganga með enn eitt barnið til að greiða fyrir tannviðgerðir Önnur tegund fréttar af staðgöngumæðrum segir frá aðstæðum í fátækum löndum þar sem konur taka að sér að gerast staðgöngumæður til að sjá sér og sínum farborða. Nýleg frásögn frá Indlandi segir frá því hvernig fátækar konur eru stundum hlunnfarnar, og að til dæmis við fósturlát fái þær ekki greitt (Pressan.is 2013). Einstaka sinnum fara fátækt, svik og fórnfýsi saman. Nýverið birtist dramatísk og ítarleg frásögn af fátækri bandarískri staðgöngumóður sem vegna fórnfýsi gagnvart barninu sveik verðandi foreldra þegar hún neitaði að fara í fóstureyðingu þegar fóstrið reyndist vera með alvarlegan sjúkdóm (Bleikt.is 2013).

Frásagnir af konum sem ganga með barn fyrir aðra af mannúðarástæðum fjalla stundum um íslenskar konur. Þessar konur hafa gengið með barn fyrir systur, náinn ættingja eða vinkonu, eða óska eftir því að gera það og þá án þess að fá greitt fyrir (ruv 2007a; 2007b). Tillaga til þingsályktunar um staðgöngumæðrun gengur einmitt út frá að lögleiða hana í velgjörðarskyni (Alþingistíðindi 2010-2011; 2011-2012).

3.2 Frelsi eða kúgun

Deilan um hvort konur gerist staðgöngumæður af fúsum og frjálsum vilja eða séu kúgaðar til þess er gegnumgangandi í allri umræðu um lögleiðingu staðgöngumæðrunar. Spurt er hvort konur séu virkilega frjálsar til að taka ákvörðun um að verða staðgöngumæður.

Andstæðingar þess að tillaga um lögleiðingu staðgöngumæðrunar verði samþykkt

benda gjarnan á að þar komi til bæði samfélagsleg þvingun en einnig hætta á að fátækar konur selji sig vegna örbirgðar. Markaðssetning móðurlífsins hefur verið harðlega gagnrýnd og endurspeglast sú gagnrýni í pistli Höllu Gunnarsdóttur (2007) sem skrifar:

Með því að borga konu fyrir að ganga með barn er því verið að búa til undarlega samsuðu af vændi og barnasölu. Vændi í þeim skilningi að verið er að kaupa afnot af líkama annarrar manneskju og barnasölu því barnið er jú selt.

Halla Gunnardóttir skrifar í anda þeirra femínista sem eru á móti lögleiðingu staðgöngumæðrunar. Hún er rödd þess sjónarmiðs að reglur og viðhorf samfélagsins móti val einstaklings. Að hennar mati er val kvenna til að gerast staðgöngumæður í raun ekki frjálst. Halla Gunnarsdóttir tekur þannig undir með áhyggjum höfunda Áfangaskýrslunnar um að lögleiðing muni skapa óeðlilegan þrýsting á konur um að ganga með barn fyrir aðra.

Stuðningsmenn staðgöngumæðrunar fordæma forræðishyggju og telja konur fullfærar um að ráða sínum málum sjálfar og taka sjálfstæðar ákvarðanir. Þetta sjónarmiðið má sjá í pistli Pawels Bartoszek (2012) þar sem hann lofar þingsályktunartillögum um að heimila staðgöngumæðrun því hún byggir á virðingu fyrir frelsi einstaklingsins. Pawel leggur fyrst og fremst áherslu á val einstaklingsins og frelsi hans svo lengi sem það skaði ekki aðra, en ein af millifyrirsögnum greinar hans er: „Ekki í illgjörðarskyni.“ Pawel telur mótrökin gegn lögleiðingu að mestu ganga út á að „vernda fólk fyrir sjálfu sér.“ Þá leggur hann áherslu á hið góða sem fylgi staðgöngumæðrun og sköpun nýs einstaklings. Pawel er sama hvort greitt er fyrir meðgöngum eða ekki.

Ofangreind sjónarmið voru meðal annars rædd á málþingum og fundum um staðgöngumæðrun. Fullyrðingar voru settar fram á báða bóga og varð umræðan á köflum hávær. Sumir reiddust vegna sjónarmiða sem þóttu ósanngjörn. Tekist var á um valfrelsi kvenna til að taka ákvörðun um að gerast staðgöngumæður, trúverðuleika ákvörðunarinnar, eðli staðgöngumæðrunar og einstök atriði tillögunnar. Andstæðingar þingsályktunartillögunnar um staðgöngumæðrun véfengdu að konur tekju alltaf að sér að bera barn fyrir aðra af fúsum og frjálsum vilja, þar kæmi til þrýstingur frá samfélaginu og hugsanleg greiðsla. Eins væru konur aldar upp til að þjóna öðrum. Á móti fordæmdu talsmenn tillögunnar forræðishyggju andstæðinga hennar. Þá var spurt hvort femínistum væri ekki nær að berjast fyrir frelsi kvenna til að taka eigin ákvarðanir en að gera lítið úr konum og véfengja hæfni þeirra til að ráða eigin málum. Spurt var hvort það væri ekki kúgun að banna konum að gerast staðgöngumæður. Fundarmenn á málþingum og viðmælendur lögðu áherslu á að lögleiðing staðgöngumæðrunar myndi leyfa konum að aðstoða ófrjóa fjölskyldumeðlimi eða vini að eignast barn. Systrakærleikurinn var lofaður. Ekki væri verið að borga konum fyrir að gera eitthvað sem þeim væri á móti skapi. Stuðningsmenn tillögunnar virtust þannig ekki sjá það sem skerðingu á frelsi kvenna að fá ekki að velja hvort þær vildu gerast staðgöngumæður gegn greiðslu.

Í nefndarálitni meirihluta heilbrigðisnefndar, sem er fylgiskjal með tillögu til þingsályktunar um staðgöngumæðrun, kemur fram að hugsanleg skilyrði fyrir staðgöngu-

mæðrun gætu verið að „staðgöngumóðirin sé náinn ættingi og því hluti af stórfjölskyldu barnsins eða nán vinkona hinna verðandi foreldra“ (Alþingistiðindi 2011-2012). Þessi áhersla á mikilvægi tengsla staðgöngumóður við verðandi foreldra hefur verið gagnrýnd. Guðmundur Pálsson (2011) bendir á að það „þarf að hafa í huga að margar konur og þör hafa alls ekki aðgang að slíku velgjörðarfólki, jafnvel fæstir.“ Áhersla á ættingja eða vinkonur sem heppilegar staðgöngumæður er höfundum Áfangaskýrslunnar einnig áhyggjuefni vegna þess þrýstings sem því geti fylgt fyrir konur sem eigi ófrjóa ættingja eða vini (Guðríður Þorsteinsdóttir, Kristján Oddsson og Ástríður Stefánsdóttir 2010).

Umsögn Staðgöngu, stuðningsfélags staðgöngumæðrunar á Íslandi, um tillöguna einkennist af trú á að konur geti tekið sjálfar ákvarðanir um að gerast staðgöngumæður en þó aðeins innan fastmótaðs lagaramma (Staðganga 2011). Lögd er áhersla á að réttur þeirra kvenna sem vilji gerast staðgöngumæður sé virtur en samtímis er bent á að það þurfi að koma í veg fyrir að óhæfar konur verði staðgöngumæður, þó þær óski þess. Eins er lagt til að „sá hópur kvenna sem geti gerst staðgöngumæður verði ekki einskorðaður við fjölskyldu foreldranna eða nána vini. Hætt er við að slíkt geti sett ákveðinn þrýsting á fjölskyldumeðlimi.“ Lagt er til að eingöngu full staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni verði leyfð og að það þurfi eftirlit til að koma í veg fyrir að staðgöngumæðrun verði framkvæmd í hagnaðarskyni.

3.3 Samlíking staðgöngumæðrunar við vændi

Pistill Höllu Gunnarsdóttur (2007) um samlíkingu staðgöngumæðrunar við vændi vakti enga sérstaka athygli þegar hann birtist árið 2007. Pistillinn vakti fyrst athygli þegar hann var dreginn fram í dagsljósið snemma árs 2011, en þá var Jól-málið svokallaða í háamælum (Sólrún Lilja Ragnarsdóttir 2011). Jól hafði fæðst með aðstoð indverskrar staðgöngumóður og íslenskir foreldrar hans áttu í erfiðleikum með að taka hann heim (Ingimar Karl Helgason 2011). Pistillinn sem birtur var 2007 olli miklum deilum 2011 og fékk Halla Gunnarsdóttir grófar hótanir í kjölfarið (Vísir.is 2011).

Samlíking staðgöngumæðrunar við vændi kemur oft upp í umræðunni. Afstöðu einstaklinga til þeirrar samlíkingar má í meginráttum skipta í þrennt. Í fyrsta hópnum eru þeir sem telja að hliðstæða eigi við um vændi og staðgöngumæðrun; í báðum tilvikum sé líkami konu notaður í þágu annarra gegn greiðslu. Greiðslan virðist þó ekki endilega vera aðalatriðið í hugum allra. Einum andstæðingi tillögunnar fannst samlíkingin eiga rétt á sér, sérstaklega í ljósi þess að í báðum tilfellum væri líkami kvenna notaður til að svala þörfum og þrá annarra. Orðaði hann áhyggjur sínar af lögleiðingu staðgöngumæðrunar á eftirfarandi hátt:

Þú kemst ekkert mikið lengra í misnotkun heldur en að taka konur í þessi tvö hlutverk [vændi og staðgöngumæðrun]. Þetta er svo ofboðsleg innrás inn í allt sjálfíð líka. Og hérna að halda það að konur geti bara verið einhver svona framleiðslufyrirbæri er svo ofboðslega fjarlægst öllum jafnréttissjónarmiðum og mannréttindasjónarmiðum.

Í öðru lagi eru einstaklingar sem eru ekki vissir um hug sinn til þingsályktunartillögunnar eða eru á móti henni, en finnst samlíkingin við vandi engu að síður óviðeigandi. Einn úr þeim hópi sagði: „Vandi að vísu, þar er verið að fróa einhverri stundarþörf hjá einhverjum karlmönnum sem er svona frekar ógeðfellt fyrirbæri. Meðganga sem slík er náttúrulega ekkert ógeðfellt.“ Einnig taldi hann að markmiðið væri „miklu gófugra, jú markmiðið er að konan fái þarna einhvern pening og önnur kona eignist barn. Er það ekki bara allt í lagi.“ Viðmælendinn dregur mörk á milli þess að nýta líkama kvenna til að gera eitthvað jákvætt og þess sem er utan velsæmismarka. Í báðum tilfellum er þó viðurkennt að aðrir fái afnot af líkama konu til að ná fram eigin markmiðum.

Í þriðja hópnum eru þeir sem styðja heimilun staðgöngumæðrunar og sárnar mjög samlíkingin og telja hana alls ekki eiga rétt á sér. Af viðbrögðum viðmælenda þessa hóps að dæma virðist samlíkingin jafnvel ganga svo fram af þeim að hún þyki vart svara verð. Innan þessa sjónarmiðs virðist dregin skýr lína milli þess sem gert er af góðum hug og þess sem gert er af öðrum hvötum. Lýst er yfir samúð með þeim sem geta ekki átt barn, þar á meðal samkynhneigðum, og vonast er til að úrræðið hjápi þeim. Meðal þeirra sem halda þessu sjónarmiði fram eru meðal annarra femínisítar sem eru tilbúnir að skoða möguleikann á að leyfa staðgöngumæðrun. Í þeim tilvikum þurfi að tryggja að hún valdi ekki skaða fyrir staðgöngumóðurina og að ekki sé hægt að líkja henni við vandi. Hér skiptir formið miklu máli og lögð er áhersla á að tillagan um staðgöngumæðrun geri ekki ráð fyrir greiðslu til staðgöngumæðra fyrir meðgönguna.

Í greinargerð með upphaflegu þingsályktunartillögunni er bent á siðferðileg álitamál sem geti fylgt lagasetningu en þar kemur eftirfarandi fram:

Almennt eru menn neikvæðir gagnvart staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni út frá því sjónarmiði að verið sé að nota líkama konu í annarlegum tilgangi og einnig væri hægt að líta á slíka gjörð sem einhvers konar form af viðskiptum með börn. Staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni hefur verið líkt við vandi og hugsanlegt er að konur sem búa við fátækt og þröngar félagslegar aðstæður gerist staðgöngumæður vegna slæmra aðstæðna. Þessi álitamál eiga þó betur við um samfélög þar sem mikil fátækt er ríkjandi og heilbrigðisþjónusta og samfélagsform er með öðru sniði en í vestrænum löndum, t.d. á Indlandi (Alþingis-
tíðindi 2010-2011).

Hér er gerður skýr greinarmunur á siðferðilegum vandamálum í fátækum löndum og vestrænum samfélögum. Í endurskoðaðri tillögu hefur sídasta setningin verið fjarlægð en í staðinn kemur: „Flutningsmenn tillögunnar leggjast alfarið gegn staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni og telja mikilvægt að gerður sé skýr greinarmunur á hagnaði og velgjörð í þessu samhengi“ (Alþingistíðindi 2011-2012). Í nefndaráli meirihluta heilbrigðisnefndar, sem er fylgiskjal með tillögunni, er ítarleg umfjöllun um indverskar staðgöngumæður og er ill meðferð á þeim fordæmd. Þar segir:

Staðgöngumæðrun fyrir peninga getur við ákveðnar aðstæður verið felld undir verslun með börn ásamt misnotkun á líkama og sál konunnar sem gengur með barn. Vegna þróunar í læknávisindum hefur í auknum mæli orðið til markaður fyrir staðgöngumæðrun á alþjóðavísu. Fræg eru dæmin um slíkt frá Indlandi sem vekja óhug og eru skýr dæmi um viðskiptavæðingu staðgöngumæðrunar.

Hér verður að skilja það svo að meirihlutinn hafi að minnsta kosti að hluta tekið undir sjónarmið Höllu Gunnarsdóttur frá 2007 þegar hún líkti staðgöngumæðrun við misnotkun á líkama kvenna, sem gæti verið vændi, og barnasölu (Halla Gunnarsdóttir 2013). Vörnin gegn hugsanlegri misnotkun á líkómum kvenna og barnasölu og „viðskiptavæðingu staðgöngumæðrunar“ er að leyfa staðgöngumæðrun eingöngu í velgjörðarskyni. Enda telja margir af stuðningsmönnum staðgöngumæðrunar að til séu einstaklega fórnfúsar konur sem beri barn fyrir aðra af góðsemi einni saman.

3.4 Einstakar konur

Viðmælendur og þátttakendur í umræðum á málfundum lýstu gjarnan staðgöngumæðrunum sem frábrugðnar öðrum konum. Konur sem studdu þingsályktunartillöguna lögðu oft áherslu á að staðgöngumæður væru einstakar konur, og að þær sjálfar væru þakklátar fyrir að það væru til slíkar konur. Af þeim sem tóku afstöðu til spurningar um hvort þær gætu hugsad sér að gerast staðgöngumóðir eða þiggja þjónustu slíkrar svöruðu allar neitandi nema ein. Sumar þeirra treystu sér þó ekki til að svara þar sem þær hefðu ekki gert upp hug sinn, töldu sig ekki geta sagt til um eitthvað sem væri ekki raunverulegur valkostur í stöðunni eða að þær væru komnar af barneignaraldri.

Hugmyndin um innilegt systralag og væntumþykju á milli staðgöngumóður og verðandi móður er ríkjandi hjá þeim sem vilja lögleiðingu staðgöngumæðrunar. Viðmælendur og fundarmenn á málstofum sögðu gjarnan sögur af systurum eða frænkum sem biðu þess að staðgöngumæðrun yrði heimilud þannig að sú þeirra sem ófrjó var myndi njóta þeirrar hamingju að verða móðir. Gerður var samanburður á fórnfýsi staðgöngumæðra og íslenskra björgunsveitarmanna sem legðu líf sitt í hættu þegar þeir sigu til dæmis niður jökulsprungur til að bjarga öðrum. Stuðningsmenn staðgöngumæðrunar lögðu á það áherslu á að til séu konur sem vilji gerast staðgöngumæður af góðum hug og að nokkrar slíkar bíði eftir því að staðgöngumæðrun verði heimilud hér á landi. Því var haldið fram að ef staðgöngumæðrun yrði ekki heimilud þá myndu sumir leita erlendis og það væri skýring á því af hverju einstaklingar sem vildu lögleiða staðgöngumæðrun kæmu sjaldan fram undir nafni. Þeir hyggðust leita út fyrir landsteinana á næstu árum verði staðgöngumæðrun ekki heimilud.

Í svari við fyrirspurnum um Jóel-málið frá Pressan.is lýsir félagið Staðganga skilningi á „örvæntingu þeirra Íslendinga, eins og foreldra Jóels, er sáu engan annan möguleika í stöðunni en þann að fara til lands þar sem greiðsla er leyfð fyrir staðgöngumæðrun.“ Ef að staðgöngumæðrun væri leyfð hérlendis „væru staðgöngumæðurnar góðhjartaðar

íslenskar konur sem gerðu þetta eingöngu sem velgjörð undir handleiðslu fagaðila og þá ekki gegn greiðslu.“ Reiði þeirra viðmælenda sem voru fylgjandi lögleiðingu á staðgöngumæðrun beindist meðal annars gegn þeim sem drógu í efa raunverulegan vilja kvenna til að gerast staðgöngumæður. Þeir töluðu um staðgöngumæður sem einstakar konur sem létu ekki hagnaðarvonina stýra gjörðum sínum. Það ætti að gera þessum konum kleift að gerast staðgöngumæður með lagasetningu, góðu regluverki og eftirfylgni.

3.5 Mikilvægi velgjörðar

Greiðsla fyrir staðgöngumæðrun virðist marka skil í hugum margra milli þess hvort kona hafi ákveðið af fúsum og frjálsum vilja að gerast staðgöngumóðir eða ekki. Þetta getur átt við um einstaklinga sem eru alfarið á móti lögleiðingu staðgöngumæðrunar en einnig þeirra sem eru henni fylgjandi, og leggja því áherslu á að konur geti sjálfar tekið ákvörðun um hvað sé þeim fyrir bestu. Eins er það algeng hugmynd að ekki fari saman vilji að gera öðrum gott og að fá greitt fyrir gjörninginn. Sumir drógu einnig skýra línu á milli greiðsluformsins og framkvæmdar staðgöngumæðrunar á Vesturlöndum og í lágtekjulöndum. Framkvæmd staðgöngumæðrunar í Indlandi er táknið alls þess sem getur verið rangt við staðgöngumæðrun en þar gerast konur staðgöngumæður vegna greiðslunnar.

Jafnvel þó staðgöngumæðrun eigi sér stað undir formerkjum velgjörðar fá staðgöngumæður oftast einhverja þóknun, til dæmis í Bretlandi, en þar er þak á bótagreiðslur vegna læknisheimsókna og vinnutaps (Brazier, Campbell et al. 1998). Einn viðmælenda lagði á það áherslu að það gæti ekki talist hrein velgjörð þegar einhver greiðsla ætti sér stað; greiðslan flekkadi þennan hreina vilja og fórnfýsi sem ætti að einkenna gjörninginn. Margir adhylltust þetta sjónarhorn en þó ekki allir. Annar viðmælendi spurði hins vegar hvort þessi aðgreining skipti raunverulega máli. Hvaða máli skipti hvort að greiðslur ættu sér stað ef samfélagið væri á annað borð tilbúið að samþykka staðgöngumæðrun? Enn annar velti fyrir sér hvort það væri endilega verra að viðurkenna þetta sem „meiri háttar flókið mál“ og að best væri að greiða konum vel fyrir vinnu sína.

Skipting á staðgöngumæðrun í hagnaðarskyn og velgjörðarskyn er ekki laus við gagnrýni. Sumir verðandi foreldrar gefa staðgöngumóður til dæmis gjafir og greiða allan kostnað. Höfundar Áfangaskýrslunnar benda á að erfitt geti verið að greina á milli hvort tiltekin meðganga hafði átt sér stað í velgjörðarskyni eða ekki, en greiðslur geti skapað markaðsverð fyrir meðgöngu og þá sé barnasala ekki langt undan (Guðríður Þorsteinsdóttir, Kristján Oddsson og Ástríður Stefánsdóttir 2010). Aðeins einstaka viðmælendur af þeim sem adhylltust lagasetningu veltu fyrir sér í viðtölum hvort það væri hugsanlega ekki í lagi að greiða konum fyrir að ganga með barn fyrir aðra. Svar ötulustu stuðningsmanna tillögunnar var að staðgöngumæðrun skyldi einungis leyfð í velgjörðarskyni.

3.5 Meðganga og áhrif hennar

Það er ekki aðeins gerður greinarmunur á staðgöngumæðrun eftir greiðsluformi heldur einnig hvort barnið sé líffræðilega skylt staðgöngumóður eða ekki. Sá hluti tillögu til þingsályktunar sem tekið hefur mestum breytingum í meðferð þingsins snýr að með-

göngunni og sjálfráðarétti konunnar yfir eigin líkama og mikilvægi fullrar meðgöngu. Í upphaflegu þingsályktunartillögum er talið mikilvægt að staðgöngumóðir leggi ekki til eigið egg (Alþingistiðindi 2010-2011), en í endurskoðaðri útgáfu segir í nefndarálitum meirihluta heilbrigðisnefndar að „óeðlilegt [sé] að setja slík skilyrði heldur verði að meta hvert og eitt tilfelli fyrir sig í samræmi við vilja allra aðila.“ Hér er því orðinn nokkur viðsnúningur en stundum gerir lagasetning um staðgöngumæðrun fulla meðgöngu sem skilyrði (Helga Finnsdóttir 2013).

Þeir viðmælenda sem styðja staðgöngumæðrun lögðu gjarnan áherslu á mikilvægi erfðafræðilegra tengsla og fannst því heppilegt að barnið gæti verið skylt verðandi foreldrum. Samtímis var tilhneiging til að gera lítið úr áhrifum meðgöngunnar á tengslamyndun staðgöngumóður við barnið. Á málþingi taldi til dæmis einn fundarmanna að full meðganga gæti verið leið til að koma í veg fyrir vandamál staðgöngumóður við að láta frá sér barnið, þar sem að þá sé „kona ekki að gefa eigið barn.“ Andstætt þessari röksemdarfærslu útskýrði ung íslensk kona sem hefur gefið egg bæði innanlands og erlendis hug sinn til barnanna á eftirfarandi hátt:

Ég lít aldrei á þetta sem mín börn og ég held að það sé mjög mikilvæg hugsun, ekki að þú eigir börn einhvers staðar annars staðar, mín börn eru bara þau sem ég geng með og á með mínum manni og ég held að það sé sú hugsun sem þær sem gefa egg þurfa að hafa (Jóhanna Margrét Gísladóttir 2010).

Fleiri leggja áherslu á mikilvægi meðgöngunnar. Sigríður Anna Bóasdóttir (2011) er uggandi yfir þeim tilfinningaskaða sem adskilnaður móður og barns geti valdið og gagnrýnir að það skuli vera gert ráð fyrir bindandi samningi milli staðgöngumóður og verðandi foreldra. Halla Gunnarsdóttir (2007) segir að lítið sé gert úr mikilvægi meðgöngu þegar til þess sé ætlast að konur láti frá sér barnið. Legið verði „einhvers konar tómarúm, rými sem hún er hvort eð er ekki að nota. Meðgangan er skyndilega orðin að verki sem maður tekur að sér, legið er verkfærið.“ Sumum viðmælendum og þátttakendum í málstofum þótti tillagan um bindandi samning endurspegla kúgun kvenna og tilætlunarsemi í garð þeirra. Slíkur samningur sýndi í reynd að lítil virðing væri borin fyrir staðgöngumæðrum og líkómum kvenna almennt. Auk þess myndi samningur af þessu tagi breyta gjörðinni frá því að vera velgjörð yfir í viðskiptasamning.

Talskona Staðgöngu (2012) andmælir staðfastlega hugmyndum um að konur geti ekki tekið upplýsta ákvörðun um að gerast staðgöngumæður „nema að annarlegar hvatir eða utanaðkomandi þrýstingur komi til.“ Þá bendir hún á máli sínu til stuðnings að það sé sjaldgæft að staðgöngumæður neiti að láta frá sér barnið eftir fæðinguna. Ítrekað lögðu stuðningsmenn staðgöngumæðrunar áherslu á mikilvægi þess að trúa konum sem segjast vilja ganga með barn fyrir aðra. Andstæðingar tillögunnar voru sumir meðvitaðir um að staðgöngumæður lýsi oft reynslu sinni á jákvæðan hátt og að þær láti venjulega frá sér barnið án þess að mótmæla. Þetta olli sumum þeirra áhyggjum og drógu þeir í efa sannleiksgildi jákvæðra frásagna. Einn viðmælenda benti á að oft er munur á því sem

fólk segir og þess sem það í reynd upplifi. Annar sagðist „hallast að því að þær séu að mála þetta í ákveðnum rósrauðum litum og svona gefi kannski ekki alveg rétta mynd af því sem er á seyði.“ Auðvitað væru staðgöngumæður ósáttar við að þeim væri líkt við vændiskonur og „það svona keyrir þetta í eitthvert horn og það verði enn verra að fá þær til að tala um jafnvel einhverja neikvæða upplifun.“

Sigríður Anna Bóasdóttir (2011, 3. mars) leggur áherslu á manneskjuna og mann-helgi og ítrekar „að samkennd með fólki sem þráir að eignast barn – má ekki afvegaleiða skynsemi okkar, hvað þá víkja siðferðinu til hliðar.“ Sumir viðmælenda tóku undir þetta sjónarmið og gagnrýndu samúð sem málefnalegt sjónarmið í umræðunni. Bent var á að við umræður á Alþingi bæru sumir þingmenn fyrir sig persónulegri reynslu af gleði við eigin barneignir sem rök fyrir því að styðja heimilun staðgöngumæðrunar. Rökleg umræða gæti aldrei farið fram á svo tilfinningalegum nótum og að greina þyrfti á milli samúðar með ófrjóum einstaklingum og almennri skynsemi.

4. Umræður

Í þessari grein er leitast við að draga saman niðurstöður rannsókna og mismunandi sjónarhorn hér á landi um staðgöngumæðrum þar sem staðgöngumóðirin er í forgrunni. Stuðst er við viðtöl við einstaklinga sem hafa látið sig málið varða og þátttöku í málstofum og fundum um málið. Tekist er á um álitamál sem snúa að staðgöngumæðrun og skiptu viðmælendur sér gjarnan í fylkingar með eða á móti tillögu til þingsályktunar sem lá fyrir Alþingi þegar flest viðtölin voru tekin.

Stuðningsmenn staðgöngumæðrunar telja konur best til þess hæfar að taka sjálfar ákvörðun um að gerast staðgöngumæður, nokkuð sem nánast allir segjast þó ekki treysta sér sjálfir til að gera. Þeir óttast ekki að þrýstingur og félagsmótun hafi áhrif á ákvörðunina. Stuðningsmenn staðgöngumæðrunar sem hafa tjáð sig um málið opinberlega telja nánast allir að konur skuli þó eingöngu hafa frjálst val um að bera börn fyrir aðra í velgjörðarskyni. Hin mikla áhersla sem lögð er á velgjörðina er athyglisverð en hún gerir samlíkingu staðgöngumæðrunar og vændis ómerka þar sem að ekki er greitt fyrir afnot af líkama konunnar. Eins er velgjörðin vel til þess fallin að skapa jákvæða ímynd af staðgöngumæðrun en með henni er áherslan á mikilvægi fórnfýsinnar og góðverksins. Stundum mátti nánast skilja það svo að löggjöfin væri mikilvæg svo að konur sem vildu ganga með börn af góðsemi við aðra fengju útrás fyrir ósk sína.

Andstæðingar þingsályktunartillögunnar telja engan hafa rétt á að nýta sér líkama annarra í eigin þágu, hvorki gegnum félagslegan þrýsting né greiðslur eins og að um vændi væri að ræða. Varað er við því að lögleiðing staðgöngumæðrunar í velgjörðarskyni muni gera hana sjálfsagða og skapi þannig þrýsting á konur um að ganga með barn fyrir sína nánustu og jafnvel aðra. Orðræðan um hina fórnfýsu konu hjálpi til að konur telji það skyldu sína að adstoda barnlausa. Andstæðingar tillögunnar halda því fram að fátækar konur, ekki síst í lágtekjulöndum, sjái sig tilneyddar að gerast staðgöngumæður til þess að sjá sér og sínum farborða. Þannig sé búið að markaðsvæða meðgönguna og afurðina sem er barnið.

Tengslamyndun staðgöngumóður og barnsins á meðgöngunni veldur andstæðingum

staðgöngumæðrunar áhyggjum. Þeir telja að það sé ekki siðferðilega rétt að ætlast til þess að konur gangi með barn sem þær láti frá sér eftir fæðinguna. Stuðningsmenn gera hins vegar lítið úr vandanum og telja sumir þeirra að full meðganga vinni gegn honum, barnið sé ekki barn staðgöngumóðurinnar líffræðilega séð. Máli sínu til stuðnings segja stuðningsmenn að rannsóknir sýni að staðgöngumæður neiti sjaldan að láta frá sér barn eftir að það er fætt og að fá deilumál um barnið fari fyrir dómstóla. Á því gætu verið ýmsar skýringar. Þekkt er að staðgöngumæður reyni að verja sig gegn tilfinningalegu áfalli við að láta frá sér barnið í samræmi við ráðleggingar sem þeim eru gefnar. Í þeim tilfellum að þær eigi erfitt með aðskilnaðinn er lítið á það sem tímabundið vandamál sem líði hjá (Brunet o. fl. 2013). Ætla má af etnógráfíum Ragoné (1994) og Teman (2010) að afgerandi sé að staðgöngumæður fái góðar leiðbeiningar um hvernig þær vinni með tilfinningalíf sitt. Staðgöngumæður varist að hugsa um barnið sem sitt og einblína í staðinn á góðverkið og hamingju verðandi foreldra. Rannsóknir frá Ísrael, Bretlandi og Bandaríkjunum sýna hins vegar að staðgöngumæðrum þyki stundum sárt þegar verðandi foreldrar rjúfa tengsl sín við þær eftir fæðinguna (Ragoné 1994, van den Akker 2007, Teman 2010).

Ójöfn menntunar- og efnahagsleg staða staðgöngumæðra og verðandi foreldra á ekki aðeins við um indverskar staðgöngumæður. Þó staðgöngumæður á Vesturlöndum tilheyri venjulega ekki hópi hinna allra fátækustu þá hafa rannsóknir sýnt að þær eru í lægri stöðu efnahags-, félags- og menntunarlega séð en verðandi foreldrar (Ragoné 1994; van den Akker 2007; Busby og Vun 2010). Þessi ójafna staða gæti skýrt að dómsmál vegna þess að staðgöngumæður neiti að láta frá sér barnið eftir fæðingu séu fátíð. Slík dómsmál eru kostnaðarsöm, og auk þess fylgir því kostnaður að annast barnið verði niðurstaðan sú að staðgöngumóðirin haldi því. Þá ber að nefna að allar deilur enda ekki fyrir dómstóli.

Stuðningsmenn staðgöngumæðrunar leggja gjarnan áherslu á að rannsóknir sýni að framkvæmd staðgöngumæðrunar á Vesturlöndum sé vel heppnuð og án vandkvæða. Máli sínu til stuðnings vísa þeir gjarnan til kanadíska lögfræðingsins Karen Busby sem kom til landsins á vegum félagsins Staðgöngu og hélt hér erindi um mikilvægi þess að lögleiða staðgöngumæðrun í velgjörðarskygni (sjá Soffía Fransíska Rafnsdóttir Hede 2012). Busby staðhæfði í viðtali sem var tekið hér á landi vorið 2011 að það sé „einfaldlega ekkert í neinum af þeim rannsóknum sem til eru og byggjast á samvinnu við konurnar sem segir að vandamál fylgi staðgöngumæðrun“ (Stöð 2 2011). Tímaritsgrein Busby og Vun (2010) um rannsóknir á staðgöngumæðrun í hinum vestræna heimi er ekki svo afdráttarlaus þó að niðurstaða þeirra sé jákvæð. Nýleg samantekt á rannsóknum á reynslu staðgöngumæðra af því að ganga með barn fyrir aðra telur að skortur sé á rannsóknum á viðfangsefninu (Brunet o. fl. 2013: 193). Það er í samræmi við niðurstöður Ciccarelli og Beckman (2005) og van den Akker (2007: 57).

Í opinberri umræðu hérlendis er indverskum staðgöngumæðrum stillt upp á svipaðan hátt og í Bandaríkjunum, það er sem kúguðum konum og fórnarlömbum hnatt-ræns arðráns (Markens 2012). Andstæðingar og stuðningsmenn um að lögleiða staðgöngumæðrun virðast eiga það sameiginlegt að skilja stöðu indverskra staðgöngumæðra

á svipaðan hátt. Því hafa stuðningsmenn staðgöngumæðrunar sett það fram sem rök fyrir lögleiðingu hennar hérlendis að hún gæti komið í veg fyrir kúgun kvenna í lágtekjulöndum (Alþingistíðindi 2011-2012; Staðganga 2011). Ekki er þó tryggt að lagasetning um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni komi í veg fyrir að hennar sé leitað erlendis. Svo virðist sem að Bretum og Áströlum sem leiti sér þjónustu staðgöngumæðrunar erlendis hafi fjölgað undanfarin ár þrátt fyrir að hún sé leyfð í heimalöndum þeirra (Bhatia 2012; Crawshaw o. fl. 2012; Whitelaw 2012). Þessa aukningu má hugsanlega skýra með því að lagasetning sem leyfir staðgöngumæðrun, þó slíkt gildi aðeins í velgjörðarskyni, breyti ímynd hennar almennt. Ólíklegt er því að lagasetning sem leyfir fórnfúsam, hjartagóðum íslenskum konum að velja hvort þær vilji ganga með barn fyrir aðra án greiðslu komi í veg fyrir arðrán á fátækum kynsysturum í Indlandi. Til þess þarf líklegast hnattrént átak (Brunet o. fl. 2013).

Lokaorð

Markmið þessarar greinar er að lýsa niðurstöðum rannsókna á staðgöngumæðrum, stöðu þeirra og reynslu, og hugmyndum íslensks áhugafólks um staðgöngumæðrun og fjölmiðla um þær. Einnig eru kynntar niðurstöður eigindlegar rannsóknar um ólík sjónarmið hér á landi um staðgöngumæður. Rannsóknin gefur ekki upplýsingar um tíðni tiltekinna sjónarmiða. Gagna var aflað með viðtölum, þátttökunálgun og greiningu opinberrar umræðu á Alþingi, netinu og í fjölmiðlum.

Þrjár staðalmyndir af staðgöngumæðrum virðast ríkjandi í umfjöllun fjölmiðla: þær geta verið varhugaverðar, kúgaðar eða fórnfúsar. Hin varhugaverða staðgöngumóðir er erlend og tilheyrir heimi furðufréttanna, fréttu sem stundum eru hreinn uppspuni en hafa þó áhrif á umræðuna og skoðanir fólks. Sú kúgaða býr í Indlandi og hún varð að veruleika þegar framtíðarsýn Corea (1985) um að hinir efnameiri þegnar heimsbyggðarinnar myndu nota tæknivæðingu æxlunar til að kaupa fátækar konur lágtekjulanda til að bera fyrir sig börn rættist. Hin fórnfúsa staðgöngumóðir tilheyrir vestrænni menningu og gæti í auknum mæli orðið íslensk ef Alþingi leyfir henni að fá útrás fyrir góðsemi sína. Þau sjónarmið sem kynnt eru í þessari grein tala ýmist með eða á móti slíkri leyfisveitingu. Þá reyndust sumir vera efins um hvað gera skuli og þeir kalla eftir meiri rannsóknum og víðtækari umræðu.

Höfundar þessarar greinar telja að þörf sé á auknum rannsóknum. Staðhæfingar um að rannsóknir staðfesti að staðgöngumæðrun á Vesturlöndum sé vel heppnuð og án vandamála fyrir staðgöngumæður eru orðum auknar. Hið rétta er að fræðimenn kvarta undan skorti á langtímarannsóknum á velferð og heilsu staðgöngumæðra. Einnig er skortur á rannsóknum af upplifun þeirra og aðstæðum og að þær rannsóknir sem til eru byggja flestar á litlu úrtaki (Ciccarelli and Beckman 2005; van den Akker 2007; Brunet o. fl. 2013).

Heimildir

- Alþingi (1996). Lög nr. 55/1996 um tæknifrjógvun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsóknna.
- Alþingistiðindi (2010-2011). Tillaga til þingsályktunar um staðgöngumæðrun., 139 löggjafarþing. Þingskjal 376 - 310. mál. Sótt 4. desember á <http://www.althingi.is/altext/139/s/0376.html>
- Alþingistiðindi (2011-2012). Tillaga til þingsályktunar um staðgöngumæðrun. Þingskjal 4 - 4. mál. Sótt 4. desember 2013 af <http://www.althingi.is/altext/140/s/0004.html>
- Berend, Z. (2010). „Surrogate Losses“, *Medical Anthropology Quarterly* 24 (2): 240-262.
- Bhatia, S. (2012). „Revealed: How More and More Britons are Paying Indian Women to Become Surrogate Mothers“, *The Telegraph*, 26. maí. Sótt 22. október 2013 á <http://www.telegraph.co.uk/health/healthnews/9292343/Revealed-how-more-and-more-Britons-are-paying-Indian-women-to-become-surrogate-mothers.html>
- Bleikt.is (2013). „Staðgöngumóðir flúði þvert yfir landið þegar eyða átti barninu vegna fæðingargalla“, *bleikt.is*, 14. október. Sótt 22. október 2013 á <http://bleikt.pressan.is/lesa/stadgongumodir-fludithvert-yfir-landid-thegar-eyda-atti-barninu-vegna-faedingargalla/>
- Brazier, M., Campbell, A. og Golombok, S. (1998). *Surrogacy: Review for Health Ministers of Current Arrangements for Payments and Regulation*. Report of the Review Team. The United Kingdom Health Ministers. Sótt 4. desember 2013 á http://webarchive.nationalarchives.gov.uk/20130107105354/http://www.dh.gov.uk/prod_consum_dh/groups/dh_digitalassets/@dh/@en/documents/digitalasset/dh_4014373.pdf
- Brunet, L., King, D., Davaki, K., McCandless, J., Marzo, V. og Carruthers, J. (2013). *A Comparative Study on the Regime of Surrogacy in EU Member States*. Brussels. Belgium: European Parliament, Directorate General for Internal Policies.
- Busby, K. og Vun, D. (2010). „Revisiting The Handmaid's Tale: Feminist Theory Meets Empirical Research on Surrogate Mothers“, *Canadian Journal of Family Law* 26 (1): 13-94.
- Ciccarelli, J.C. og Beckman, L.J. (2005). „Navigating Rough Waters: An Overview of Psychological Aspects of Surrogacy“, *Journal of Social Issues* 61 (1): 21-43.
- Corea, G. (1985). „The Reproductive Brothel“, í G. Corea (ritstj.), *Man-Made Women: how New Reproductive Technologies Affect Women* (bls. 38-51). London: Hutchinson.
- Crang, M. og Cook, I. (2007). *Doing Ethnographies*. London: SAGE Publications.
- Crawshaw, M., Blyth, E. og van den Akker, O. (2012). „The Changing Profile of Surrogacy in the UK—Implications for National and International Policy and Practice“, *Journal of Social Welfare and Family Law* 34 (3): 267-277.
- Dagblaðið Vísir (1984). „Móðurlíf til leigu“, 10. nóvember.
- dv.is (2010). „Ætlar að skilja við eiginmanninn og eignast barn með konu“, 19. desember. Sótt 22. október 2013 á <http://www.dv.is/frettir/2010/12/19/aetlar-ad-skilja-vid-manninn-sinn-til-thessad-eignast-barn-med-annarri-konu/>
- Einar Þór Sigurðsson (2011). „Hún tók barnið okkar og nú tekur hún peningana okkar“, *dv.is*, 12. apríl. Sótt 2. nóvember 2013 á <http://www.dv.is/frettir/2011/4/12/hun-tok-barnid-okkar-og-nu-tekur-hun-peningana-okkar/>
- Guðmundur Pálsson (2011). „Ný tillaga um staðgöngumæðrun. Umsögn mín.“ Sótt 4. desember 2013 á <http://gp.blog.is/blog/gp/entry/1207691/>
- Guðríður Þorsteinsdóttir, Kristján Oddsson og Ástríður Stefánsdóttir (2010). *Áfangaskýrsla vinnubóps heilbrigðisráðherra um staðgöngumæðrun*. Reykjavík: Heilbrigðisráðuneytið.
- Gunnarsson Payne, J. (2013). „Europeanizing Reproduction: Reproductive Technologies in Europe and Scandinavia“, *NORA-Nordic Journal of Feminist and Gender Research* 21 (3): 236-242.
- Gupta, J.A. (2006). „Towards Transnational Feminisms Some Reflections and Concerns in Relation to the Globalization of Reproductive Technologies“, *European Journal of Women's Studies* 13 (1): 23-38.

- Halla Gunnarsdóttir (2007). „Barn til sölu og leg til leigu“, *Morgunblaðið*, 27. apríl. Sótt 22. október 2013 á <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1142129/>
- Halla Gunnarsdóttir (2013). „Tjáningarfrelsi, hótanir og DV“, 4. janúar. Sótt 22. október 2013 á <http://halla.is/?p=1259>
- Helga Finnsdóttir (2013). *Staðgöngumæðrun á Íslandi: Opinber umræða, lagasmíð og ólík sjónarmið*. M.A. Lokaverkefni til MA-gráðu í mannfæði, Háskóli Íslands, Reykjavík. Sótt 22. október 2013 á http://skemman.is/stream/get/1946/13770/33029/4/MA_HF_SKIL_PDF.pdf
- Ingimar Karl Helgason (2011). „Staðgöngumóðir Jóels fékk 300 þúsund“, sótt 22. október 2013 á <http://www.visir.is/stadgongumodir-joels-fekk-300-thusund/article/2011101153162>
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2006). „Leitað að mótsögnum. Um verklag við orðræðugreininguugreiningu“, í Rannveig Traustadóttir (ritstj.), *Fötlun. Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði* (bls. 178-195). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Jadva, V., Murray, C., Lycett, E., MacCallum, F. og Golombok, S. (2003). „Surrogacy: the Experiences of Surrogate Mothers“, *Human Reproduction* 18 (10): 2196-2204.
- Jóhanna Margrét Gísladóttir (2010). „Gefur egg í Indlandi fyrir þúsund dollara“, sótt 22. október 2013 á <http://www.visir.is/gefur-egg-i-indlandi-fyrir-thusund-dollarar/article/2012120619787>
- Klein, R.D. (1985). „What's 'New' about the 'New' Reproduction Technologies?“, í Gena Cornea (ritstj.), *Man-made women: how new reproductive technologies affect women* (bls. 38-51). London: Hutchinson.
- Kristín Björnsdóttir (2003). „Orðræðugreining“ í Sigríður Halldórsdóttir & Kristján Kristjánsson (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum í heilbrigðisvísindum* (bls. 237-248). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Markens, S. (2012). „The Global Reproductive Health Market: US Media Framings and Public Discourses about Transnational Surrogacy“, *Social Science & Medicine* 74 (11): 1745-1753.
- McElroy, R. (2002). „Whose Body, Whose Nation? Surrogate Motherhood and its Representation“, *European Journal of Cultural Studies* 5 (3): 325-342.
- Momberger, K. (2002). „Breeder at Law“, *Columbia Journal of Gender and Law* 11 (2): 127-174
- Nelson, E. (2013). „Global Trade and Assisted Reproductive Technologies: Regulatory Challenges in International Surrogacy“, *The Journal of Law, Medicine & Ethics* 41 (1): 240-253.
- Palattiyil, G., Blyth, E., Sidhva, D. og Balakrishnan, G. (2010). „Globalization and Cross-Border Reproductive Services: Ethical Implications of Surrogacy in India for Social Work“, *International Social Work* 53 (5): 686-700.
- Pande, Amrita (2009a). „It May Be Her Eggs But It's My Blood: Surrogates and Everyday Forms of Kinship in India“, *Qualitative Sociology* 32 (4): 379-397.
- Pande, A. (2009b). „Not an 'Angel', not a 'Whore' Surrogates as 'Dirty' Workers in India“, *Indian Journal of Gender Studies* 16 (2): 141-173.
- Pande, A. (2010). „Commercial Surrogacy in India: Manufacturing a Perfect Mother-Worker“, *Signs* 35 (4): 969-992.
- Pande, A. (2011). „Transnational Commercial Surrogacy in India: Gifts for Global Sisters?“, *Reproductive Biomedicine Online* 23 (5): 618-625.
- Parks, J.A. (2010). „Care Ethics and the Global Practice of Commercial Surrogacy“, *Bioethics* 24 (7): 333-340.
- Pawel Bartoszek (2012). „Frelsi til að vera til“, *Fréttblaðið*, 12. janúar.
- Pressan.is (2010). „Staðgöngumóðir: Hefur eignast 12 börn fyrir önnur pör og næsta á að borga fyrir nýjar tennur“, 13. febrúar. Sótt 22. október 2013 á <http://www.pressan.is/Frettir/LesaFrett/stadgongumodir-hefur-ignast-12-born-fyrir-onnur-por-og-naesta-a-ad-borga-fyrir-nyjar-tennur?page=2&offset=70>
- Pressan.is (2013). „Staðgöngumæðrun orðin stór atvinnugrein á Indlandi“, 27. júlí. Sótt 22. október 2013 á <http://eyjan.pressan.is/frettir/2013/07/27/stadgongumaedrun-ordin-stor-atvinnugrein-a-indlandi/>

- Ragoné, H. (1994). *Surrogate Motherhood: Conception in The Heart*. Boulder, Colorado: Westview Press.
- Ragoné, H. (1996). „Chasing the Blood Tie: Surrogate Mothers, Adoptive Mothers and Fathers“, *American Ethnologist* 23 (2): 352-365.
- ruv (2007a). „Fréttaukinn: Staðgöngumæðrun - 1. hluti“, sótt 22. október 2013 á <http://www.youtube.com/watch?v=E5FeVTCPEyU>
- ruv (2007b). „Fréttaukinn: Staðgöngumæðrun - 2. hluti“, sótt 22. október 2013 á <http://www.youtube.com/watch?v=KGG8vx0Sd40&feature=relmfu>
- Soffía Fransiska Rafnsdóttir Hede (2012). „Staðgöngumæðrun: Hvað mótar álit þitt?“, *visir.is*, 18. janúar. Sótt 10. desember 2013 á <http://www.visir.is/stadgongumaedrun--hvad-motar-alit-thitt-/article/2012701189991>
- Sólrún Lilja Ragnarsdóttir (2011). „Aðstoðarmaður ráðherra líkti staðgöngumæðrum við vændiskonur“, *duís*, 13. janúar. Sótt 22. október 2013 á <http://www.dv.is/frettir/2011/1/13/adstodarmadur-rad-herra-likir-stadgongumaedrun-vid-barnasolu-og-vaendi/>
- Sólveig Anna Bóasdóttir (2011). „Mannleg reisn – mannhelgi.“ Sótt 22. október 2013 á <http://tru.is/pistlar/2011/03/mannleg-reisn-mannhelgi>
- Staðganga (2011). Tillaga til þingsályktunar um staðgöngumæðrun (þskj. 376): Umsögn Staðgöngu. Sótt 4. desember á <http://www.althingi.is/pdf/erindi/?lthing=139&dbnr=1410>.
- Stöð 2 (2011). „Misnotkun á staðgöngumæðrun ólíkleg“, viðtal við Karen Busby, 9. maí. Sótt 4. desember 2013 á <http://visir.is/section/MEDIA99&fileid=VTV90DDC06B-C6DE-4E5D-8FB4-511-BF8856D68>
- Teman, E. (2008). „The Social Construction of Surrogacy Research: An Anthropological Critique of the Psychosocial Scholarship on Surrogate Motherhood“, *Social Science & Medicine* 67 (7): 1104-1112.
- Teman, E. (2010). *Birthing a Mother: The Surrogate Body and the Pregnant Self*. Berkeley: University of California Press.
- Unnithan, M. (2013). „Thinking through Surrogacy Legislation in India: Reflections on Relational Consent and the Rights of Infertile Women“, *Journal of Legal Anthropology* 1 (3): 287-313.
- Utian, W.H., Sheean, L., Goldfarb, J.M. og Kiwi, R. (1985). „Successful Pregnancy after in vitro Fertilization and Embryo Transfer from an Infertile Woman to a Surrogate“, *The New England Journal of Medicine* 313 (21): 1351.
- van den Akker, O. (2007). „Psychosocial Aspects of Surrogate Motherhood“, *Human Reproduction Update* 13 (1): 53-62.
- Visir.is (2011). „Gróft hótunarbref sent aðstoðarmanni ráðherra“, 13. janúar.
- Whitelaw, A. (2012). „Society's Response to the New Reproductive Technologies: The Feminist Perspectives Hundreds pay for overseas surrogacy“, *Sydney Morning Herald*, 3. júní. Sótt 4. desember á <http://www.smh.com.au/federal-politics/political-news/hundreds-pay-for-overseas-surrogacy-20120602-1zp1u.html>
- Wikler, N.J. (1986). „Society's Response to the New Reproductive Technologies: The Feminist Perspectives“, *Southern California Law Review* 59 (5): 1043-1057.
- Örn Jónsson (1985). „Móðurlíf til leigu“, *Dagblaðið Vísir*, 30. janúar.

